

Lagning 3,9 km rafstrengs úr Húsadal yfir í Langadal og Bása í Þórsmörk, Rangárþingi eystra

Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 27. ágúst 2019 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Rarik um fyrirhugaða lagningu 3,9 km rafstrengs úr Húsadal yfir í Langadal og Bása í Þórsmörk, Rangárþingi eystra, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 10.21 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Rangárþings eystra, Ferðamálastofu, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Minjastofnunar Íslands, Orkustofnunar, Skógræktarinnar og Umhverfisstofnunar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Lagning 3,9 km rafstrengs úr Húsadal yfir í Langadal og Bása í Þórsmörk. RARIK, ágúst 2019.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Rangárþingi eystra með tölvupósti dags. 11. september 2019.
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með tölvupósti dags. 16. september 2019.
- Orkustofnun með tölvupósti dags. 20. september 2019.
- Umhverfisstofnun með tölvupósti dags. 13. september 2019.
- Skógræktinni með tölvupósti dags. 16. september 2019.
- Minjastofnun Íslands með tölvupósti dags. 16. september 2019.
- Fiskistofu með tölvupósti dags. 24. september 2019.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvupósti dags. 17. september 2019.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Fyrirhuguð framkvæmd felst í lagningu um 4 km langs rafstrengs úr Húsadal yfir í Langadal og þaðan yfir í Bása í Þórsmörk sem er á náttúruminjaskrá. Strengleiðin fer um göngustíga, gamlan árfarveg og í gegnum skógræktarsvæði og þvera verður Krossá. Áætlað er að strengurinn verði að mestu plægður niður en fleyga og grafa þarf á um 200 m kafla Einnig verður komið fyrir spennistöðvum í Langadal og að Básunum. Rask vegna framkvæmdarinnar verður í heild um 1,2 ha.

4 UMHVERFISÁHRIF

Gróður

Fram kemur að á lagnaleiðinni sé að hluta til að finna skógræktarsvæði. Rask á þeim hluta leiðarinnar muni hafa áhrif þar sem jarðýta fer yfir land, u.þ.b. 3 metra breitt svæði. Skógræktin telur að notað þurfi svipaðar aðferðir og við uppgræðslu svæðisins, þ.e. sá þarf einæru rýgresi í



sárið til að undirbúa hann fyrir nærliggjandi gróður og má gera ráð fyrir að þá verði ummerki horfin eftir 15-20 ár.

Í umsögn Skógræktarinnar kemur fram að ekki sé nauðsynlegt að sækja um fellingarleyfi til hennar vegna þess að í þessari framkvæmd sé ekki um varanlega eyðingu skógar að ræða og að við megi búast að sárið grói tiltölulega fljótt með sjálfsáningu náttúrulegs gróðurs.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að fulltrúi Skógræktarinnar verði viðstaddur framkvæmdina til leiðsagnar ásamt því að farið verði með fulltrúum stofnunarinnar og Rangárbings eystra næsta vor til að yfirfara strengleið og meta ef lagfæra þarf einhvern hluta leiðarinnar.

Lífríki í ám

Fram kemur að þvera þurfi Krossá og að þurfi að veita ánni úr farvegi sínum á meðan strengurinn verður plægður í árbotninn. Ekki liggja fyrir upplýsingar um tilvist fisks eða annars lífríkis Krossár á svæðinu. Markarfljót, sem Krossá sameinast neðar, er uppeldisstaður laxfiska. Helstu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar verða vegna efnisburðar neðan við framkvæmdarsvæði. Hafrannsóknastofnun bendir á, í meðfylgjandi viðauka, að vanda þurfi til verka og telur mikilvægt að framkvæmdaraðili reyni að halda gruggi í lágmarki, hindri að olía eða aðrir skaðlegir vöklar smitist frá vinnuvélum, reyni að takmarka framkvæmdasvæði og gangi frá framkvæmdasvæði þannig að lífríki skaðist sem minnst.

5 SKIPULAG OG LEYFI

Framkvæmd er í samræmi við Aðalskipulag Rangárbings eystra og deiliskipulag þeirra svæða sem um ræðir.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Rangárbings eystra samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Einnig leyfi Fiskistofu samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði. Framkvæmdin getur verið háð starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands vegna ýmissa verkþátta á meðan á framkvæmdum stendur samkvæmt reglugerð um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða lagningu um 4 km rafstrengs frá Húsadal inn í Bása í Þórsmörk. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10.21 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Um er að ræða umfangslitlar framkvæmdir sem raska munu alls á um 1,2 ha svæði. Strengurinn verður að mestu lagður í gamlan árfarveg og í göngustíga en á kafla mun strenglöggnin fara í gegnum skógræktarsvæði í Þórsmörk. Lagning strengsins í gegnum skógræktarsvæði verður í samráði við Skógræktina sem og frágangur. Einnig mun þurfa að þvera Krossá en ekki er talið að framkvæmdin muni hafi áhrif á lífríki Krossár eða Markarfljóts.



Staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar, svo sem verndarákvæðum, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd, sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Þórsmörk er svæði á náttúruminjaskrá og verndargildi svæðisins er meðal annars talið vera vegna skóglendis í skjóli jökla, að hluta til í umsjá Skógræktarinnar. Með því samráði sem verið hefur með Skógræktinni og öðrum hlutaðeigandi hefur lagnaleið verið valin m.t.t. þess að lágmarka umhverfisáhrif. Fulltrúi frá Skógræktinni mun eins og áður sagði vera viðstaddur þegar farið verður í gegnum skógræktarsvæðið og mun Skógræktin sjá um að fella þau tré sem þarf að fella.

Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi eiginleika hugsanlegra áhrifa einkum með tilliti til: stærðar og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Eins og áður sagði er framkvæmdin umfangslítill og umhverfisáhrif hennar felast fyrst og fremst í tímabundnu og staðbundnu raski á skógræktarsvæði í Þórsmörk og raski í Krossá. Strengurinn mun að mestu leyti liggja um svæði sem jafnar sig á 2-3 árum en rask á skógræktarsvæðinu mun taka lengri tíma að jafna sig. Neikvæð áhrif framkvæmdarinnar eru afturkræf.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 19. nóvember 2019.

Reykjavík, 11. október 2019

Jakob Gunnarsson

Jón Þórir Þorvaldsson